

Snúum okkur að íslenskunni
2017 – 2018

Hofsstaðaskóli
Bryndís Stefánsdóttir

Heiti verkefnis: Snúum okkur að íslenskunni

Styrkþegi: Bryndís Stefánsdóttir.

Áherslupættir: Yngsta stig, íslenska.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

- Kynna málfræðihugtök fyrir nemendum á yngsta stigi á fjölbreyttan og lifandi hátt.
- Deila myndböndum og efni með öðrum kennurum.
- Búa til myndbönd sem nemendur geta nýtt sér í skóla og heimavið.

Verkefnið snýst um þá grundvallarhugmynd að búa til myndbönd fyrir íslenskunámið sem kennarar og nemendur geta nýtt sér; kennarar við svokallaðar innlagnir og nemendur geta svo skoðað myndböndin eftir þörfum, hvort sem er í skólanum eða heima við. Sá möguleiki nemenda, að þeir geti skoðað myndböndin heima fyrir, yrði til þess að þeir komi upplýstari um viðfangsefni dagsins og yrðu þannig tilbúnari fyrir daginn. Aukinheldur munu nemendur þannig geta leitast sér upplýsinga á eigin spýtur og þurfa ekki að bíða eftir að kennari komi og útskýri efnið fyrir þeim. Það mun vafalaust auka sjálfstæði þeirra við vinnu og efla hvern og einn og gefur nemendum tækifæri til að vinna á sínum eigin forsendum. Þegar útbúin eru myndbönd fyrir nemendur þarf að huga að framsetningu efnis og þarf það fyrst og fremst að höfða til þeirra og vekja áhuga.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum:

Styrkþegi byrjaði að fara yfir þau íslenskumarkmið sem unnið er eftir á yngsta stigi. Gerður var listi yfir þau myndbönd sem styrkþegi hugðist vinna út frá þessum markmiðum. Handrit voru gerð fyrir hvert og eitt myndband og myndböndin svo unnin í forritinu Powtoon. Styrkþegi fékk aðstoð nemenda sinna við vinnu á myndböndum s.s. lengd þeirra og hversu lengi textar birtast svo nemendur ná að lesa textann yfir hverju sinni. Myndböndunum var svo deilt á Youtube á rásinni Skólastofan og einnig er stefnt að setja þau inn á síðuna íslenskustofan.com. Einnig voru búnir til nokkrir leikir inn á Kahoot undir notendanafninu staestofan sem tengjast efni myndbandana.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Vinna við myndböndin var nokkuð tímafrek og því voru þau ekki eins mörg og áætlað var í upphafi.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks _____ 300.000 _____

Laun	278.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	
Gögn	32.000

Mat á verkefninu

Það er mat styrkþega að verkefnið hafi tekist vel. Nemendur voru áhugasamir og fannst gaman að geta kynnst nýjum námsþáttum á þennan hátt þ.e. að horfa á myndbönd. Einnig að geta horft á þau aftur ef þess þurfti til að rifja upp námsefnið. Þeir kennarar sem hafa nýtt sér efnið hafa lýst ánægju sinni með verkefnið og að þessháttar efni hafi vantað fyrir yngra stig og það sé kærkomið að geta nýtt sér efni sem vekur áhuga hjá nemendum á hugtökum sem geta reynst þeim erfið viðfangs. Það er mat styrkþega að þar sem verkefnið er aðgengilegt öllum á netinu muni það nýtast öðrum en styrkþega um ókomna framtíð.

Slóð á myndbönd:

https://www.youtube.com/channel/UCzwY6QF1CWawx8SsseidTA/videos?view_as=subscriber